

Nd.

489. Frumvarp

til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

(Eftir 3. umr. i Ed.)

1. gr.

Á manntalsþingum ár hvert skal sýslumaður greiða hreppstjórum, í launaskyni fyrir hvert umliðið fardagaár, þóknun af landsfje, er nemi 80 krónum í hreppi, þar sem íbúatalan fer eigi fram úr 300 manns. Þar sem fleiri eru, skal greiða hreppstjóra að auki 5 krónur fyrir hverja fulla 5 tugi íbúa, sem umfram eru 300.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi hann fyrir lok fardagaársins, ber honum eða dánarbúi hans $\frac{1}{12}$ af ársþóknuninni fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hesir hreppstjórn gegnt á árinu.

2. gr.

Pegar hreppstjóri í umboði sýslumanns framkvæmir lögtak eða aðrar fógetagerðir, ber honum fyrir gerð hverja lögmælt gjald samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur landssjóðs, alt það er gjaldið fer ekki fram úr 6 krónum. Sje gjaldið hærra samkvæmt aukatekjulögunum, fellur það, sem umfram er, til landssjóðs.

3. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskift, sjeu þau ekki hærri en 20 krónur, en fari þau fram úr því, rennur það, sem umfram er, til landssjóðs.

4. gr.

Pegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskriftar- og

virðingargerðum til leiðbeiningar við skifti eða uppboð, fær hann fyrir þetta verk sitt eftir fjárhæð gerðarinnar:

Alt að	200 kr.	2	krónur.
yfir	200 —	alt að 500 kr.	3	—
—	500 — — —	1000 —	4	—
—	1000 — — —	2000 —	5	—
—	2000 —	6	—

5. gr.

Fyrir birtingu á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn, málskrōfu eða þesskonar birtingar, skal greiða 2 krónur fyrir hvern þann, er birt er, og gjaldinu skift jafnt milli stefnuvottanna.

6. gr.

Fyrir úttekt á jörðu greiðist hverjum úttektarmanni 5 krónur, svo og fyrir landskifti. Fyrir skoðunar- eða matsgerð á fasteign, í hvaða tilgangi sem sú gerð fer fram, skal greiða hverjum skoðunar- eða virðingarmanni eftir fjárhæð matsgerðarinnar:

Alt að	500 kr.	2	krónur.
yfir	500 —	alt að 1000 kr.	3	—
—	1000 — — —	2000 —	4	—
—	2000 — — —	4000 —	5	—
—	4000 —	6	—

Sama gjald greiðist fyrir lausafjárvirðingar.

Fyrir að vinna eið að gerðum þeim, er um getur í þessari grein, er ekki greitt sjerstakt gjald.

7. gr.

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr. laga þessara, skal greiddur, auk framangreindra gjalda, og telst þannig:

Fyrir 10 kilómetra vegalengd eða minna á landi, eða 5 kilómetra vegalengd eða minna á sjó, skal greiða 1 kr. í ferðakostnað. Sje ferð lengri, greiðist hlutfallslega sama bóknun fyrir þá vegalengd, sem umfram er. Þóknunin telst eftir samanlagðri vegalengd fram og aftur, alt að 6 krónum fyrir sólarhring. Standi ferð lengur en sólarhring frá heimili skal greiða 25 aura í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Sje gjaldtaki búsettur í kauptúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því að eins, að hann þurfi að fara út úr kaup-túninu eða þorpinu.

8. gr.

Gjald til votta við rjettarhöld eða notarialgerðir er 50 aurar til hvers votts fyrir hverja klukkustund, er rjettarhaldið stendur yfir. Hluti úr klukku-stund telst heil klukkustund. Í einkamálum greiðist gjald þetta til dómarans

i rjettinum. Fyrir hvert rjettarhald seinna i málinu skal sá greiða gjaldið, er málinu fær frestað.

9. gr.

Gjöld þau, er um getur í lögum þessum, greiðist einnig í opinberum málum og gjafsnarmálum.

Í einkamálum er gerðarbeiðandinn skyldur til að greiða gjaldið, áður en gerðin fer fram. Verði gjaldið eigi greitt fyrirfram, hefir sá lögtaksrjett á því, er gjaldið á að taka.

Í opinberum málum og gjafsnarmálum greiðast gjöld þessi fyrirfram úr landssjóði, gegn endurgjaldi frá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað með ályktardómi.

10. gr.

Fyrir eftirrit þau, er ræðir um í 3. gr. laga nr. 2, 2. febr. 1894, svo og fyrir önnur eftirrit, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum embætta, skal greiða 1 kr. fyrir hverja ör, en hálfra örkar eða minna 50 aura.

Ákvæði greinar þessarar ná eigi til afrita þeirra, er ræðir um í 2. málsgrein 6. gr. reglugerðar 13. jan. 1916 um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík.

11. gr.

Pegar vöruflutningaskip eða önnur skip, sem afgreiðslugjald eiga að greiða til landssjóðs, hafna sig á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, skulu þau, auk gjalda þess, sem landssjóði ber, greiða þeim, sem ritar á skipskjölin í umboði lögreglustjóra, 5 aura af smálest hverri, nema skipstjóri kjósi heldur að senda skipskjölin tafarlaust til lögreglustjóra sjálfss og fá áritun hans á þau.

12. gr.

Lög 13. janúar 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gera rjettarverk, og lög um breyting á 1., 5., 6. og 8. gr. þeirra laga, frá 13. desbr. 1895, svo og lög nr. 5, 14. febr. 1902, eru úr gildi numin.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. desember 1917. Þó skulu hreppstjóralaun um fardagaárið 1917–1918 reiknuð samkvæmt ákvæðum 1. gr.